

Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Eignaval D hs. - flokkur C (S)

Kennitala: 651024-9940

ISIN: IS0000036937

Rekstraraðili er Stefnir hf. kt. 700996-2479

Heimilisfang: Borgartún 19 - 105 Reykjavík - Ísland

Vefsíða: www.stefnir.is

Hringja í +354 444 7400 eða senda póst á info@stefnir.is til að fá frekari upplýsingar.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands ber ábyrgð á eftirliti með afurðinni í tengslum við lykilupplýsingaskjalið. Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálastofnun skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingaráðgjafar og vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina eða hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf.

Lykilupplýsingar þessar miðast við 31. mars 2025

Þú ert að kaupa afurð sem er flókin og erfitt gæti verið að skilja.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta hafa rými fjárfestingaheimildir en verðbréfasjóðir. Fjárfestingarheimildir sjóðsins koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðslýsingar hans.

Heiti

Eignaval D hs. - flokkur C (S)

Markmið

Eignarval D er blandaður sjóður (e. balanced fund). Markmið sjóðsins er að ávaxta fjármuni hlutdeildarskírteinishafa á virkan hátt með blönduðu safni erlendra sem og innlendra hlutabréfa og skuldabréfa. Sjóðurinn fjárfestir í hlutabréfum, hlutabréfasjóðum, ríkisskuldabréfum og ríkisskuldabréfasjóðum, skuldabréfum og skuldabréfasjóðum. Fjárfestingarviðmið sjóðsins er að 75% af eignum sjóðsins sé í hlutabréfum, ýmist beint eða í gegnum sjóði og 25% af eignum sjóðsins sé í skuldabréfum og víxlum í ýmist beint eða í gegnum sjóði.

Sjóðurinn starfar eftir fyrir fram ákveðinni fjárfestingastefnu og mun beina fjárfestingum sínum að þeim fjárfestingarkostum sem að mati rekstraraðila eru líklegastir til að skila sem bestri ávöxtun.

Sjóðurinn hefur heimild til með eigin vali að fjárfesta í verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum sem fjárfesta í hlutabréfum, skráðum og óskráðum hlutabréfum, innlánam fjármálafyrirtækja (innlendum sem og erlendum), skuldabréfum, víxlum, sérhæfðum sjóðum og verðbréfasjóðum sem fjárfesta í innlánam, skuldabréfum, verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum sem fjárfesta eingöngu eða að mestu leyti í skuldabréfum, sértryggðum skuldabréfum og sjóðum sem fjárfesta í erlendum eða annarskonar skuldabréfum og víxlum.

Ávöxtun sjóðsins ræðst af hækkuðum eða lækkun á markaðsvirði eigna sjóðsins á fjárfestingartímanum, þ.e. það tímabil sem þú átt hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Fjárfestum ber einnig að skilja að gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað og verða því að geta þolað verðsveiflur, þar sem skammtímasveiflur í ávöxtun geta verið talsverðar. Sjóðurinn hentar vel þeim sem vilja fjárfesta til lengri tíma, en gott er að miða við þrjú ár eða lengur.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Sjóðurinn er markaðssettur fyrir viðskiptavinum í Einkabankaþjónustu Arion banka. Sjóðurinn er ætlaður almenningi sem og fagfjárfestum, s.s. lífeyrissjóðum og fyrirtækjum, sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu með rekstri og umsýslun fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma. Sjóðurinn hentar þeim sem þola miklar sveiflur í ávöxtun og þar með hafa þol á tapi af fjárfestingu.

Líftími

Sjóðurinn er opinn sjóður og engin lokadagsetning er til staðar fyrir sjóðinn. Hins vegar hefur framleiðandi afurðarinnar rétt á að slíta sjóðnum undir ákveðnum kringumstæðum, t.a.m. ef framleiðandi metur það hagstæðara fyrir hlutdeildarskírteinishafa að slíta sjóðnum eða sameina hann öðrum. Nánari upplýsingar má finna í 8. gr. Viðauka I í útboðslýsingu sjóðsins. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum alla virka viðskiptadaga undir venjulegum kringumstæðum og miðast gengi viðskipta við lok viðskiptadags. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 14:30 hljóta uppgjör að tveimur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta hljóta uppgjör að þremur virkum dögum liðnum. Í undantekningartilvikum gæti innlausnum verið frestað.

Aðrar upplýsingar

Vörsluaðili: Arion banki hf.

Sölu- og vörsluaðili: Arion banki hf.

Uppgjörsmýnt sjóðs: ISK.


Sjóðurinn var stofnaður 27. nóvember 2024.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður, þ.e. arðtekjum er endurfjárfest.

Nánari upplýsingar á www.stefnir.is

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættuvísir



Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú heldir afurðinni í 3 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að fá minna til baka.

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér.

Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 3 af 7 þ.e.a.s. meðallágur áhættuflokkur.

Þetta metur hugsanlegt tap af framtíðarárangri með meðallágu stigi, og vegna slakra markaðsaðstæðna er ólíklegt að hafa áhrif á getu okkar til að greiða þér.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á afurðina en áhættuvísirinn nær ekki yfir eru m.a. mótaðilaáhætta, rekstraráhætta og seljanleikaáhætta/lausafjáraáhætta. Aðrir áhættuþættir gætu verið til staðar. Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni.

Mótaðilaáhætta: Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað.

Rekstraráhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrar félagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg og pólitísk áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

Seljanleikaáhætta/Lausafjáraáhætta: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásettanlegs tímaramma.

Árangursviðsmyndir

Hvað þú munt fá fyrir þessa afurð er háð framtíðar markaðsframmistöðu. Markaðsþróun í framtíðinni er óviss og ekki hægt að spá fyrir um af nákvæmni.

Óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru framsetning á versta, meðaltals og besta árangri af viðeigandi viðmiðun síðustu 10 ár. Markaðir gætu átt eftir að þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni.

Ráðlagður fjárfestingartími: 3 ár

Dæmi um fjárfestingu: 1.000.000 kr.

Sviðsmyndir

Ef þú gengur út eftir

1 ár

Ef þú gengur út eftir

3 ár

(Ráðlagður fjárfestingartími)

Lágmark	Það er engin lágmarkstryggð ávöxtun	Þú gætir tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	595.102 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	-40,5%
Óhagstæð sviðsmynd ¹	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	897.174 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	-10,3%
Hófleg sviðsmynd ²	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.036.897 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	3,7%
Hagstæð sviðsmynd ³	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.550.633 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	55,1%

1 Þessi sviðsmynd raungerðist fyrir fjárfestingu í 75% Eignaval hlutabréf hs. + 25% Skuldabréfaval hs. á tímabilinu mars 2022 til mars 2025

2 Þessi sviðsmynd raungerðist fyrir fjárfestingu í 75% Eignaval hlutabréf hs. + 25% Skuldabréfaval hs. á tímabilinu nóvember 2017 til nóvember 2020

3 Þessi sviðsmynd raungerðist fyrir fjárfestingu í 75% Eignaval hlutabréf hs. + 25% Skuldabréfaval hs. á tímabilinu desember 2018 til desember 2021

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa, en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínum eða dreifingaraðila. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður.

Hvað gerist ef Stefnir hf. getur ekki greitt út?

Ef Stefnir hf. getur ekki greitt út gætir þú orðið fyrir fjárhagslegu tapi. Fjárfestingar viðskiptavinar í sjóðum Stefnis njóta almennt ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Vörsluaðili sjóðsins (Arion banki hf.) heldur eignum sjóðsins aðskildum frá eignum Stefnis hf. Í versta falli gætir þú tapað allri fjárfestingu þinni. Stefnir hvetur viðskiptavini að kynna sér almenna fyrirvara félagsins sem eru aðgengilegir á vefsíðu félagsins.

Hver er kostnaðurinn?

Aðilinn sem veitir ráðgjöf um eða selur þér þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun þessi aðili veita þér upplýsingar um þennan kostnað og hvernig hann hefur áhrif á fjárfestingu þína.

Kostnaður yfir tíma

Töflurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir og hve lengi þú átt afurðina. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð og mismunandi möguleg fjárfestingartímabil.

Gengið er út frá:

- Á fyrsta ári munir þú fá til baka fjárhæðina sem þú fjárfestir (0% ársávöxtun). Fyrir önnur fjárfestingartímabil er gengið út frá árangri af afurðinni eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni
- Fjárfest er fyrir 1.000.000 kr.

	Ef þú gengur út eftir 1 ár	Ef þú gengur út eftir 3 ár
Heildarkostnaður	14.736 kr	54.685 kr
Árleg áhrif kostnaðar (*)	1,5%	1,6% hvert ár

(*) Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera 8,4% fyrir kostnað og 6,8% eftir kostnað.

Samsetning kostnaðar

Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu		Ef þú gengur út eftir 1 ár
Inngöngukostnaður	Við innheimtum ekki inngöngugjald.	0 kr
Útgöngukostnaður	Við innheimtum ekki útgöngukostnað fyrir þessa afurð	0 kr
Viðvarandi kostnaður [sannreyndur hvert ár]		
Umsýslugjöld og annar stjórnsýslu- og rekstrarkostnaður	1,5% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði á síðasta ári.	14.510 kr
Viðskiptakostnaður	0,02% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	226 kr
Aukakostnaður við sérstök skilyrði		
Árangursgjöld [og hlutdeild í hagnaði]	Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð.	0 kr

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 3 ár

Þú ættir að gera ráð fyrir að halda fjárfestingu þinni í 3 ár eða lengur. Hægt er að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eiganda án kostnaðar en söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald. Frekari upplýsingar um samsetningu kostnaðar má finna í töflunni hér fyrir ofan undir kaflanum Samsetning kostnaðar. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 14:30 hljóta uppgjör að tveimur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta hljóta uppgjör að þremur virkum dögum liðnum. Í undantekningartilvikum gæti innlausnum verið frestað.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun til Stefnis skriflega á tölvupóstfangið kvortun@stefnir.is. Tiltaka skal ástæður kvörtunar og lýsa í meginatriðum því sem kvartað er yfir. Einnig er hægt að bera fram kvörtun í síma +354 444 7400 eða með bréfpósti í heimilisfangið Borgartún 19, 105 Reykjavík, Ísland. Nánari upplýsingar um meðhöndlun kvartana er hægt að nálgast á vefsíðu Stefnis.

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Útgáfulýsingu sjóðsins, nýjustu útgáfu lykilupplýsingablaðs ásamt upplýsingum um ávöxtun má nálgast á [www.stefnir.is](#). Fyrri árangurssviðsmyndir má finna í eldri útgáfum lykilupplýsingablaða sjóðsins.